

Fundur 10.júní 2004

Ár 2004 þann 10. júní kom skipulags-,bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Byggingarfulltrúi sat einnig fundinn og líka sveitarstjóri er ritaði fundargerð. Fundurinn hófst kl. 10:25

#### Byggingar- og skipulagsmál

1) Erindi frá Jóni Ólafssyni í Börmum (umsókn um leyfi fyrir gróðurhúsi í Börmum). Erindið samþykkt og byggingarfulltrúa falið að láta húsið inn á afstöðumynd.

2) Erindi frá Halldóri D. Gunnarssyni í Króksfjarðarnesi (umsókn um skiptingu svonefnds Starfsmannahúss í Króksfjarðarnesi í tvær íbúðir).

Erindið samþykkt til frekari vinnslu byggingarfulltrúa.

3) Erindi frá Aðalsteini Valdimarssyni (tillaga að lóð við Maríutröð 5b á Reykhólum). Aðalsteinn mætti á fundinn og skýrði erindi sitt. Minntist enn fremur á að æskilegt væri að hreppurinn snyrti í kringum hreppsskrifstofu, afmarkaði bílastæði og kæmi upp skilti sem veki athygli á því að óheimilt væri að skilja bifreiðar eftir í lausangangi.

Byggingarfulltrúa falið að gera lóðarupprátt.

4) Fjárhús sóknarprests á Reykhólum, bréf sveitarstjóra til prestssetrasjóðs (tilkynning). Bréfið var sent 4. júní og beðið er svars frá prestssetrasjóði.

5) Erindi frá ferðamálafélagi Dala- og Reykhólahrepps. Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir hringsjá á eystri Hellishólum á Reykhólum. Miðað er við að undirstaðan sé stuðlaberg en reistur verði hringlaga pallur með handriði ofan á steypunni sem fyrir er. Nefndin fór á vettvang ásamt sveitarstjóra og byggingarfulltrúa og telur eðlilegast að steypuhallurinn verði fjarlægður og hringsjáið sett beint á klöppina ásamt handriði.

6) Erindi frá Styrju ehf, fyrirspurn um lóð undir lítið sumarhús á skipulögðu svæði á Reykhólum og kostnað því tengdan. Erindinu hafnað þar sem það fellur ekki að skipulagi á Reykhólum.

7) Erindi frá Þráni Hjálmarssyni á Hríshóli um leyfi til að byggja vélageymslu á jörðinni Hríshóli samkvæmt teikningu sem fylgdi erindinu. Samþykkt með fyrirvara um að fullnægjandi gögn liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

8) Erindi frá Bjarka Stefáni Jónssyni á Gróustöðum. Um er að ræða niðurrif á votheysturni. Erindið samþykkt.

9) Afmörkun lands undir Reykhólaborp. Fyrir liggja tvær tillögur sem byggingarfulltrúi hefur unnið; tillaga A og tillaga B. Ábúanda Reykhólajarðar hafa verið sýndar tillögurnar. Ábúandinn vill athuga málið betur. List þó betur á tillögu B en vill tryggja nýtingarrétt að því landi sem hann nýtir og verður í eigu hreppsins. Ábúandinn vekur enn fremur athygli á því að á 100 m línu frá Langavatni og niður að Karlsey (100 m báðum megin vegar) er dúntekja á 3. kg.

Ábúandinn hefur einnig áhuga á að íbúðarhúsið að Mávatúni verði ekki á hreppslandi.

Byggingarfulltrúa falið að ræða við ábúandann. Málinu að öðru leyti vísað til hreppsnefndar.

10) Erindi frá Jóni Kjartanssyni á Reykhólum. Um er að ræða stöðuleyfi fyrir skúr sem staðsettur yrði við Jónsbúð á Reykhólum. Stöðuleyfi veitt til eins árs.

Byggingarfulltrúi yfirgaf nú fundinn.

#### Landbúnaðarmál

11) Kynntur reikningur frá Búnaðarsamtökum Vesturlands v/búfjáreftirlits, kr. 209.876,- Um er að ræða tæpa 43 tíma í útseldri vinnu og 8 tíma í aðkeyptri verktakavinnu. Sveitarstjóra falið að óska eftir sundurliðun á tímafjölda.

#### Hafnarmál

12) Erindi frá Fiskistofu vegna mengunarhættu við Reykhólahöfn. Um er að ræða nálægð olíutanks við löndunarkrana við höfnina á Reykhólum. Sveitarstjóra falið að sjá til þess að umráðamaður tanksins fjarlægji hann.

13) "Fjárhagur og gjaldskrá hafna árið 2002", skýrsla frá hafnasambandi sveitarfélaga (tilkynning).

14) Hafnarreglugerðir, erindi frá Samgönguráðuneytinu. Veittur er frestur til 1.desember 2004 til þess að hafnir á Íslandi skili tillögum að nýjum reglugerðum til samræmis við ný hafnalög nr. 61/2003. Málinu frestað til næsta fundar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:00

Þórður Jónsson (sign)    Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)    Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)